

Akureyrarbær
Margrét Mazmanian Róbertsdóttir
Geislagötu 9
600 Akureyri

Reykjavík 4. nóvember 2020
UST202009-266/A.B.
10.04.02

Efni: Tillaga – Breyting á aðalskipulagi Akureyrar 2018 - 2030 - Stígakerfi

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Akureyrarbæjar er barst 28. september sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að breytingu á aðalskipulagi Akureyrar 2018 – 2030 vegna heildarendurskoðunar á stígakerfi þéttbýlisins og nágrenni. Breytingin gildir auk þess um Hrísey og Grímsey.

Í greinargerð kemur fram að helsta markmið breytingarinnar er að setja fram heildstæða stefnu um uppbyggingu stígakerfis Akureyrarbæjar þar sem stuðlað skal að bættum samgöngum fyrir gangandi og hjólandi vegfarendur. Auk þess kemur fram að umferð gangandi vegfarenda verði ávallt sett í forgang við skipulag Akureyrarbæjar. Einnig kemur fram að markmið verkefnisins er að byggja skal upp skilvirkt, öruggt og aðlaðandi stígakerfi sem gerir íbúum kleift að sinna vinnu, daglegum erindum og frístundum allan ársins hring.

Friðlýst svæði

Í greinargerð er gert ráð fyrir stígum innan svæða sem eru friðlýst, Krossanesborgir og Glerárdal.

Umhverfisstofnun vill vekja athygli á að með friðlýsingu Krossanesborga er verndaður mikilvægur varpstaður fjölda fuglategunda, búsvæði sjaldgæfra plöntutegunda og sérstæðar jarðmyndanir og þannig stuðlað að varðveislu líffræðilegrar og jarðfræðilegrar fjölbreytni.

Umhverfisstofnun telur mikilvægt að við skipulag og hönnun stígakerfa innan friðlýstra svæða sé markaður skýr rammi í aðalskipulagi og lögð áhersla á samræmi við friðlýsingarskilmála og markmið friðlýsingar hvers svæðis fyrir sig.

Umhverfisstofnun bendir á að samkvæmt vistgerðarkorti Náttúrufræðistofnunar Íslands (<http://vistgerdakort.ni.is/>) eru innan Krossanesborga m.a. vistgerðin starungsmýravist og língresis- og vingulsvist sem eru með mjög hátt og hátt verndargildi og eru á lista Bernarsamningsins frá 2014 yfir vistgerðir sem þarfnast verndar.

Í starungsmýravist getur verið ríkt fuglalíf og er algengt að varpfuglategundirnar; lóupræll (*Calidris alpina*), spói (*Numenius phaeopus*), þúfutittlingur (*Anthus pratensis*), hrossagaukur (*Gallinago gallinago*), jaðrakan (*Limosa limosa*) og stelkur (*Tringa totanus*) nýti slíka vistgerð til varps.

Umhverfisstofnun bendir á að lóupræll og spói eru ábyrgðartegundir Íslands.

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að raski sé haldið í lágmarki til að draga úr neikvæðum umhverfisáhrifum á ofangreindar vistgerðir og búsvæði fuglanna.

Leyfi

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að það komi fram í tillögnum að mannvirkjagerð og jarðrask og hvers konar breytingar á landi er háð leyfi Umhverfisstofnunar að því er tekur til fólkvanganna, sbr. auglýsingu. Stofnunin tekur fram að umsögn þessi jafngildi ekki leyfi til framkvæmda og þarf að sækja um það sérstaklega til stofnunarinnar.

Grímsey - Hrísey

Umhverfisstofnun bendir á að norðurhluti Hríseyjar er á náttúruminjaskrá þar sem er fjölskrúðugt gróðurfar og mikið fuglalíf. Umhverfisstofnun tekur því undir mikilvægi þess að aðgát skal höfð þegar farið er um svæðið og taka fyllsta tillit til fuglalífs, sérstaklega á varptíma.

Umhverfisstofnun bendir á að í 4. mgr. 17. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd segir að sérstök aðgát skal höfð í nánd við varplönd fugla.

Umhverfisstofnun bendir einnig á mikilvægi þess að votlendissvæði sunnan Lambhagatjarnar sé ekki raskað, en votlendið fellur undir 61. gr. náttúruverndarlaga.

Umhverfisstofnun bendir á að norðurhluti Grímseyjar er einnig á náttúruminjaskrá. Grímsey norðan Bása og Handfestargjár, ásamt öllum fuglabjörgum á austurhluta eyjarinnar suður að Flesjum, er á náttúruminjaskrá vegna mikilla og sérstæðra sjófuglabýggða. Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að aðgát skal höfð þegar farið er um svæðið og taka fyllsta tillit til fuglalífs, sérstaklega á varptíma.

Bakkagróður

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að við framkvæmdir verði bakkagróðri ekki raskað, en samkvæmt 62. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd segir að við vatnsnýtingu og framkvæmdir í eða við vötn skal leitast við að viðhalda náttúrulegum bakkagróðri við ár og stöðuvötn og haga mannvirkjum og framkvæmdum þannig að sem minnst röskun verði á bökkum og næsta umhverfi vatnsins.

Fjallahjólbrautir

Í greinargerð kemur fram að við útivistarsvæðin eru fjallahjólbrautir sem eru ekki flokkaðar sem útivistarstígar.

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að skilgreindar og merktar séu fjallahjólbrautir í sveitarfélaginu til að koma í veg fyrir rask á náttúru, þetta á sérstaklega við um friðlýst svæði í sveitarfélaginu.


Vélknúin ökutæki

Umhverfisstofnun telur æskilegt að það komi fram í tillögunni hver skilyrði séu vegnar umferðar vélknúinna ökutækja eins og mótorhjóla og fjórhjóla á útivistarstígum og reiðstígum. Að mati Umhverfisstofnunar getur orðið rask á útivistarstígum vegna umferðar vélknúinna ökutækja.



Axel Benediktsson
sérfræðingur

Virðingarfyllst



Björn Stefánsson
sérfræðingur